

gefa henni betur að borða. Ef öðru vísi stæði á, mundi jeg segja: Gefið henni hænsasteik, egg og mjólk, látið vera heitt inni hjá henni, en nú —.

Hann leit á brauðbita, sem lá á borðinu, annað matarkyns áttum við ekki. »Hvað því viðvíkur,« sagði hann eftir nokkra þögn, »að gefa henni næringargóðan mat, þá verður það að bíða þangað til umsátrinu ljettir af. En það sem nú ríður á, er að gefa henni vel heitan tebolla aðra hverja klukkustund.«

Konan mín leit á mig örvæntingargaugum. »Jeg á hvorki kol nje timbur í húsinu,« hvíslaði hún, og röddin skalf. Dauðapögn varð í herberginu. — Erfiður andardráttur barnsins og hóstaköst ruðu þögnina annað veifið. Jeg get ekki gert mjer nú fyllilega grein fyrir tilfinningum mínum þessa stund; jeg man að jeg óskaði mjer dauðans. — Læknirinn rauf þögnina. Hann sagði mjög alvarlegur: »Heitt te er óhjákvæmilegt! Ef þjer hafði ekki timbur eða kol eða neitt eldsneyti, hefir þá ekki einhver nábúakonan neitt? (Konan mín hristi þegjandi höfuðið.) Þá verðið þið að taka eitthvað af húsmunum ykkar, og það nú samstundis, því að það er mjög áriðandi að hún fái heitt te nú þegar.

Jeg þaut út í eldhúsið, sem alt timbur var rífið innan úr, sótti exina og ætlaði að höggva sundur forteplanið, uppáhaldshljóðfæri konu minnar. Því að undantekinni viðarlítili spegilumgjörð, var plánið eina eldsneytið, sem eftir var í húsinu. Í hálfan mánuð höfðum við soðið við húsgögn okkar eingöngu og upphitun hafði ekki komið til mála, vikum saman. Jeg hafði þegar lyft öxinni til höggs, þegar kona mín rak upp lágt hljóð og greip um handlegg mjer. — »Jeg finn eitthvað,« sagði hún og þaut út úr stofunni.

Ætli einhver nábúakonan sje svo rík, að eiga eldsneyti? Fimm mínútum síðar kom kona mín inn, glöð í bragði og fjellu þakkartár af augum hennar. Hún hjelt á ársögömlu jólatrje, er legið hafði í einhverju skúmaskoti og enginn munað eftir.

Einsog þegar leiftri bregður fyrir augu manns, svo brá nú niður í huga minn endurminningunni um síðustu jól. Þá varð þetta háa og fagra grenitrje ásamt öðru til að auka á heimilishamingju okkar. Við vorum í sömu stofunni. Eldur logaði á arni. Glöð og sæl börn hoppuðu og dönsuðu um gólfíð. Hamingjusamur faðir og hamingjusöm móðir horfðu brosandí á gleðina, er skein út úr barnsandlitunum. Lovísa var í hvítum kjól, með blátt silkiband um ljóst hárið, feit og hraustleg, með rjóðar kinnar og dökk augu, er ljómuðu af gleði. Með henni voru tvær leiksystur, sem hún hafði gert heimboð á hátíðinni. Gleðiopin kváðu við, einsog englar svo tugum skifti hefðu slegist í hóp með börnunum, til þess að fylla húsið gleði og fögnuði. Og á miðju gólfí stóð jólatrje, hátt og fagurt, og ljósum skreytt. Á grænum greinum hjengu gullin epli og tindáttar í frönskum, enskum og prússneskum einkennishúningum, og við ljekum og vorum glöð fram til

miðnættis, er börnin loks sofnuðu út frá gleði sinni með brúður og tindáttar í milli handanna.

En nú var jólatrje þurt og visið, rykugt og gulnað. Margar greinar voru brotnar og í stað gullepla og góðgætis hjengu á þeim dordinglar og kóngulóarvefir. Nú var stofan köld og enginn eldur á arni. Lovísa lá í rúminu mögur og grannleit, þrútin af sóthita og kvaldist af hósta.

Kona móðurinnar vakti eftirtekt hennar, og hún fékk aftur rænuna að nokkru leyti. Hún leit á jólatrje og sló fagnandi höndum saman: »Ó, jólatrje, blessað jólatrje!« kallaði hún veikri röddu. Og hún sárbað mömmu sína að kveikja á fallegu kertunum og hengja á það gulleplin og tindátana, en ekki prússneska dáta; og sækja svo Maju og Lólottu, »þær hafa verið svo góðar, fjarska góðar.«

Mjer lá við að verða að ragmenni. Mig langaði burt, langaði út, út í nóttina, út á strætið, út til útvarðanna, til þess að þurfa ekki, að horfa á eymdina heima fyrir. Jeg óskaði að sprengikúla fjelli yfir húsið og gerði á öllu skjótan endir. Nei, þessa nótt rigndi ekki sprengikúlum, nú hjeldu óvinir vorir jólahátíð. — Jeg gat loks með erfðismunum náð mjer aftur. Konan mín sat á rúmskokknum og faðmaði að sjer barn okkar, raulaði fyrir það söngljóð og reyndi að koma því í ró. En jeg kvistaði niður jólatrje og kveikti eld á arni.

Það snarkaði í þurrum greinum og viðarkvoðu þessinn lagði útum stofuna. Vatnið í katlinum sauð von bráðar.

Læknirinn var farinn. Konan mín hvíslaði blíðmælum að veiku barni sínu og gaf því fögur loforð. En meðan jeg bjó til teið, hugsaði jeg með sjálfum mjer: »Þakka þjer, þakka þjer blessaða trje! Eitt sinn veittir þú barni mínu gleði — nú munt þú veita því heilsuna!«

Jólatrje gat ekki veitt Lovísu litlu heilsuna. Og síðan höfum við ekki haft jólatrje. Lovísa var einkabarn mitt.

Úr Reykjavík.

21. des.

Mótorbáts frá Gerðum í Garði hefir verið saknað nú nokkra daga. Björgunarskipið »Geir« hefir leitað hans um hríð, en ekki fundið, og er því búist við að hann hafi farist.

Landskjörstjórn er skipuð.

Í hana eru skipaðir: Eggert Briem, yfirdómari, Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri og Axel Tulinius, lögmaður. — Til vara: Oddur Gíslason, lögmaður og Sig. Thoroddsen, adjunct.

Hadda-Padda verður leikin á Jólunum.

»Flóra« er á leið hingað frá Færeyjum.

Læknisembætti veitt. Ólafur Gunnarsson, settur læknir í Miðfjarðarhjerði, hefir nú fengið veitingu fyrir embættinu.

Husein Ali, messias Persa.

[Margur maður, margir foreldrar, sem geyma börn sín í hellum og holum, munu á þessum jólum stara tár votum augum frá hinum blóðugu fjallbygðum á Balkan yfir til stranda Austurheimsins — skima eftir *stjörnunni helgu*, sem lýsti forðum yfir jötu friðarhöfðingjans, því »frá austurátt kemur frelsi þjóðanna«, sögðu hinar fornu þjóðir. Og ótalmargir kristnir kennimenn munu benda í sömu átt, en með tvískiftu skapi, því hugsjúkir munu þeir spyrja sjálfa sig, hvort það sje með guðs ráði, að hinn afskaplegi ófriður hamist svo nærri hinum helgustu stöðvum heimssögunnar, eða hvernig auðið sje lengur að heyra sjer til hugsvölunar óminn af jólaboðskap hinna himnesku hersveita. Jú, vissulega! Allar sálir sanntúaðra manna mundu svara: Víst er þetta eldraun, hörð og ógurleg, en vegir guðs eru ekki vorir vegir — ekki syndar og ofstapa. En hjer er enginn staður til að þjedika! Jeg vil heldur minna með fáeinum dráttum á tvo hina síðustu friðarboða, sem báðir hafa á vorum dögum hrópað úr austri vestur yfir löndin hinn forna fagnaðarboðskap englandanna, en fáir viljað heyra. Annar þessara spámanna var *Leo Tolstof*, og við hans erindi kónumst vjer allir. Enn hinn er hinn mikli spámaður. Persinn *Husein Ali*, stofnari hins merkilega trúarflokks, er kallast *Behaismi*, en sjálfan hann kalla lærisveinar hans *Beha Allah* eða *Ljómann frá guði*. Hann var borinn 12. nóv. 1817, kenti í 40 ár og var lengi ofsóttur, uns hann dó 1892. Hann ólst upp við Muhammedstrú, en virðist snemma hafa aðhlyst hreina kristna kenning, einkum Jesú guðsríkis- og friðarkenning. Hin síðustu ár sín bjó hann í Akursborg (Akka) í Gyðingalandi, virtur og tignaður af vinum og óvinum, því hann var að sama skapi göfugur maður sem góður.

Enskur maður (Brown prófessor), sem heimsótti spámanninn skömmu fyrir andlát hans, segir: »Aldrei hefi jeg sjeð tignari mann, mjer lá við að falla fram fyrir honum; hann virtist óðara sjá mig í gegnum sálina, augun leiftruðu af afli og andagift, en hrafnsvart hárið og skeggið hrundi niður að beltisstað. Heilög blíða og friður skein af ásjónu hans.« — Það er sagt um Jesú, að allir lærisvernar hans hafi yfirgefið hann og foringi þeirra afneitað honum, en þessum »messiasí« fylgdu allir hans lærisveinar fúslega gegnum allar ofsóknir, kvalir og dauða.

Hjer fylgja fáeinir málsgreinir eftir Husein Ali:

»Hvorki Kristindómur eða Muhamedstrú hefir megnað að færa jörðinni frið.« Hann sendi umboðserindi öllum helstu konungum og bannaði þeim að fara með ófrið hvern gegn öðrum, bauð þeim að láta gerðardóma skera úr öllum ágreiningsmálum. Sjerstaklega fyrirband Ali ófrið og ofsóknir í trúarmálum. »Friður fæst ekki«, sagði hann, »nema fyrir ljós einingar, samúðar og kærleika.« Hann skoraði á alla trúarflokka að hætta ofstæki, hatri og ofsóknum. »Það er eldur, sem ætlar að eyða mannkyninu.« »Forðist fyrst af öllu fávískuna.« Við alla þjóðhöfðingja var hans viðkvæði: »Látið rjettvísina vera yðar her til varnar og sókn-

Torfi í Ólafsdal.

*Þá er fallið þetta vígið,
— þrotlaust geysar alheimsstríð, —
frá oss mesta höfuð hnigið
hér sem varði búandlyð.
Beta spor af bændum stigið
birst hefur ei am mína tíð.*

*Er sem dauðir gæti grátið —
grátið missi þviliks manns.
Hvað er hringlið, fumið, fátíð
fjöldi niðja þessa lands?
Betur hefðum hundrad látið
heimalninga, en missa hans.*

*Lífið hans var langa æfi
landi sínu að vinna bót;
valdi fyrst hvað var við hæfi,
vildi sjá það festa rót, —
vakti æ þótt aðrir svæfi
uns það komst á styrkan fót.*

*Verk hans rétt að telja tölum,
trautt eg þekki nokkurn mann.
Búnað lands í bygd og dölum
bætti enginn jafnt sem hann.
Meðan feitu fé vér smölum
framkvæmd hans ei gleymast kann.*

*Í orði vann hann eins og verki,
aldrei þreyttist sál né hönd;
ótal rit og mannvits merki
minna á staka framtaks önd;
vilið, dáðin, viljinn sterkt
vildi greiða sérhver bönd.*

*Sama snild var úti og inni,
— öllum ljúf og hugum kær —
þvar sem hann með hústrú sinni
hafði ráðin, nær og fjær;
sjaldan grær í manna minni
merkilegri rausnar bær.*

*Heiðrið, skáld, í skyldum óði
skörungmann í Ólafsdal,
þar sem hann með frægðar-fljóði
fræddi lengi snót og hal.
Nú er fallinn guminn góði;
gripið merkið, bændaval!*

Matth. Jochumsson.

ar, og vitið yðar vopnaburð.« »Jesús sagði: »Fylgið mjer, því jeg vil gera yður mannaveiðara.« En jeg segi: Komið, því jeg vil yður lifandi gera veröldina. Jesús sagði við lærisveina sína: »Kennið þjóðunnn fagnaðarerindið, og sá sem trúir öðlast eilíft líf, en sá sem hafnar hreppir eilífan eld.« En jeg kenni, að ef þjer fylgið mjer, mun jeg gera yður erfingja guðsríkis, en ef þjer risið á móti mjer, ætla jeg að vera umburðarlyndur; jeg vil fyrirgefa yður og vera vorkunnssamur.»

Boðskapur hans til allra þjóða var kærleikans konungs boð, í austurlenskum stíl. »Talið máli elskunnar til illra og góðra, því allir eru á leiðinni, ýmist fjær guði eða nær, því allar götur liggja til hans; hann tilbjó hvers manns veru og er hennar miðdepill.«

Beha Allah ritaði margt í háfleygum ljóðum, sem eru þrungin af háleitasta andriki, boðorðum og lífsspeki. »Þegar sá tími kemur,« segir einn lærisveinn hans, »að mentaðar þjóðir kynnast þeim ljóðum og lífsreglum, þá munu allir vitrir menn sjá og finna, að þar eru heilsulyfin, sem fyrst megna að græða hinn sjúka líkama veraldarinnar. Fyrir kenningar hans og boðorð mun friðurinn loksins fást og